



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Breyting á skaðabótalögum nr. 50/1993
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	11. maí 2022

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Í mars 2018 lagði þáverandi dómsmálaráðherra fram frumvarp til breytinga á skaðabótalögum (margfeldisstuðlar, vísitölutenging o.fl.) <https://www.althingi.is/altext/148/s/0626.html>.

Frumvarpið var unnið af Eiríki Jónssyni, prófessor við HÍ ásamt starfsmönnum ráðuneytisins og í nánú samráði við eftirfarandi hagsmunaaðila: Samtök fjármálafyrirtækja, Sjálfsbjörg, Sjúkratryggingar Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Lögmannafélag Íslands. Í frumvarpinu voru einungis lagðar til breytingar sem miðuðu að því að uppfæra helstu viðmiðunarreglur laganna og bæta þannig stöðu tjónþola en ljóst var frá upphafi að nauðsynlegt væri að breyta fleiri atriðum í lögunum. Í frumvarpinu voru lagðar til breytingar á margfeldisstuðlum 6. gr. laganna, vísitölutengingu 15. gr. laganna og frádráttarreglum vegna greiðslna í lífeyrissjóði. Við vinnslu frumvarpsins kom fram hjá hagsmunaaðilum að nauðsynlegt væri að endurskoða fleiri þætti laganna og þá sérstaklega hvernig staðið væri að framkvæmd örorkumats. Þar sem rétt þótti að skipta verkefninu upp í tvo þætti var ekki ráðist í breytingar á þeim þætti laganna að svo stöddu, hins vegar væri ljóst að brýn nauðsyn væri á að endurskoða framkvæmd örorkumats.

Frumvarpið var lagt fram í mars 2018 og gekk til allsherjar- og menntamálanefndar en fékk ekki frekari afgreiðslu. Við frumvarpið kom fram gagnrýni á að samhliða þeim breytingum sem lagðar voru til yrði ekki hjá því komist að endurskoða framkvæmd örorkumats.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið nú snýr fyrst og fremst um breytingar á 10. gr. laganna sem fjallar um mat á örorku og örorkunefnd. Snýr vinnan að því að styrkja það regluumhverfi sem örorkunefnd starfar í þannig að nefndin geti sinnt, innan hæfilegs tíma, mati á varanlegum afleiðingum líkamstjóna skv. skaðabótalögum. Markmiðið er að hafa skýrar reglur um framkvæmd örorkumats og skapa þannig aukið traust um mat á varanlegum afleiðingum líkamstjóns öllum til hagsbóta en ekki síst tjónþola. Þá er stefnt að því að örorkunefnd geti einnig sinnt mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku skv. slysatryggingum váttryggingafélaga og slysatryggingum ríkis og sveitarfélaga vegna starfsmanna þeirra, auk þess sem örorkunefnd verði heimilt að sinna mati á varanlegri örorku fyrir lífeyrissjóði eftir þeim reglum sem um það gilda og slysatryggingum almannatrygginga. Þessar breytingar þarf að tengja við fyrri frumvarpið um breytingar á margfeldisstuðlum, vísitölutengingum o.fl. þannig að úr verði eitt frumvarp um heildarendurskoðun á skaðabótalögum.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Skaðabótalögin eru frá árinu 1993. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á lögunum, síðast á árinu 2015. Um nauðsyn breytinganna sem lagðar eru til í frumvarpinu frá 2018 vísast til þess frumvarps. Með sama hætti og þær breytingar eru tímabærar er ljóst að löngu er tímabært að endurskoða hvernig staðið er að gerð örorkumats sbr. athugasemdir sem komu fram við gerð frumvarpsins frá árinu 2018, en engar breytingar hafa verið gerðar á umræddum ákvæðum laganna frá árinu 1999. Gerðar hafa

verið athugasemdir við framkvæmd örorkumats eins og hún er í dag og nauðsynlegt er að bæta framkvæmdina.

B. Markmið

1. **Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki**
2. **Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.** Markmiðið er að hafa skýrari reglur um gerð örorkumats og skapa traust um gerð örorkumats til hagsbóta fyrir alla þá sem koma að örorkumati ekki síst tjónþola.

C. Leiðir

1. **Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?** Óbreytt ástand sem nauðsynlegt er að bæta.
2. **Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.** Ekki verður komist hjá breytingum á lögum.
3. **Mögulegar leiðir við lagasetningu.** Um er að ræða breytingar á lögum um meðferð skaðabótalaga sem tengd verða við tillögur til breytinga á skaðabótalögum í eldra frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.** Frumvarpið verður unnið af sérfræðingum í nánú samráði við ýmsa hagaðila.
2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.** Aðallega er um að ræða breytingu á 10. gr. skaðabótalaga um örorkumat og örorkunefnd.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?** Nei
2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?** Nei
3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Ekki liggur fyrir að svo stöddu að um slíkt sé að ræða.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Við vinnslu þess frumvarps sem lagt var fram á árinu 2018 var skipaður hópur hagaðila sem var til ráðgjafar við vinnuna. Í ráðgjafarhópnum sátu fulltrúar frá helstu hagaðilum, þ.e. Samtökum fjármálafyrirtækja, Sjálfsbjörgu, Sjúkratryggingum Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Rétt er að haft verði samráð við þessa sömu aðila auk fleiri s.s. örorkunefnd, samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og samtök sveitarfélaga.
2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?** Um er að ræða breytingar sem kunna að hafa áhrif á málefnasvið, fjármála- og efnahagsráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, matvælaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.
3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**
4. **Fyrirhugað samráð.** Fyrirhugað er að frumvarpið verði unnið í nánú samráði við hagaðila.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal**

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?** Ekki hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpið en ráðgert er að frumvarp verði tilbúið í lok september 2022.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Við mat á áhrifum frumvarpsins verður lagt mat á hversu langan innleiðingartíma þarf vegna breytinganna.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Mælikvarðar á árangur og útkomu

4. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum